Rómantískur strengur

Sýning Gísla Sigurðssonar að Kjarvalsstöðum

Ýmsir hafa kvartað undan því að lítið sé orðið um stórar einkasýningar í seinni tíð. Flestir listamenn láti sér nægja að sýna fáein verk í einu og haldi þ.a.l. sýningar miklu örar. Eflaust er þetta rétt að sumu leyti, en þar hefur einnig ráðið sú staðreynd að sýningarsalir hafa minnkað frá því sem áður var. Vera má að þar ráði áhrif frá erlendum sýningarsölum, en gallerí úti í heimi eru gjarnan litlar kompur þar sem fá verk komast fyrir.

Þó er varla hægt að kvarta á meðan salir á borð við Kjarvalsstaði og Listasafn ASÍ eru í fullum gangi og ekki má heldur gleyma Norræna húsinu, en kjallari þess mundi teljast til stórra sýningarsala ef lagðir væru erlendir mælikvarðar á hann.

Nú er t.d. í gangi stór einkasýning að Kjarvalsstöðum. Þar sýnir Gísli Sigurðsson, listmálari og ritstjóri, hvorki meira né minna en 70 málverk og eru mörg þeirra stór í sniðum. Þetta er 8. einkasýning Gísla og mun hún standa til miðs mánaðar í vestursal hússins.



„Á hundrað ára afmæli meistarans“ eftir Gísla.

Það kennir margra grasa á sýningu Gísla, enda sækir hann yrkisefni sín til ólíkra átta. Áberandi eru aðföng úr þjóðsögum og bókmenntum af ýmiss konar atburðum, svo og stemmningar, landslag og mannamyndir. Við gerð þessara ólíku myndefna notar Gísli ýmis stílbrigði og beitir þeim af kunnáttu og töluverðu innsæi. Málverk Gísla ráðast mikið af teikningunni, jafnvel meira en af litnum og þar hefur hann tekið stórstígum framförum frá fyrri sýningum. Teikningin er bæði lipur og leikandi og ræður miklu um fjörlegt yfirbragð mynda hans, einkum hópmyndanna, þar sem frjálslega máluðar fígúrur fljóta um sviðið, gjarnan í dansi.

Segja má að Gísli hafi fundið sína persónulegu leið til að túlka sögur og atburði, án þess að fórna nútímalegu yfirbragði, eða sjálfsprottnum aðferðum. Í því sambandi hefur hann gengið í smiðju til enska málarans Francis Bacon, eins og svo margir á undan honum og dregið af ýmsa lærdóma. Það mætti kalla Bacon föður nútíma fígúrasjónar, því enginn nútímamálari hefur haft eins mikil áhrif á það hvernig mannskepnan er túlkuð í myndlist í seinni tíð.

Líkt og Bacon staðsetur Gísli persónur sínar í afmörkuðu rými. Þær eru óræðar og abstraktar; svipur þeirra er lauslega skilgreindur með frjálslegum pensilstrokum. En meðan Bacon fæst við einstakar og afmarkaðar persónur, kýs Gísli að bregða upp hópmyndum. Í ljósi þess að hópmyndir hans eru byggðar á sögulegum og skáldlegum atburðum, er í þeim rómantískur strengur sem á rætur að rekja til atburðamálverka 19. aldar. Stundum eru þessi atburðamálverk Gísla með siðferðislegu ívafi, en oftast taka þau á sig mynd fantasíunnar.

Þrátt fyrir svo bókmenntaleg og söguleg aðföng, eru málverk Gísla tiltölulega laus við að vera bókmenntaleg. Raunar er myndefnið á mörkum þess að vera óhlutbundið og þ.a.l. er auðvelt að njóta myndanna án þess að þekkja heiti þeirra. Raunar er þetta ekki einsdæmi, því þegar á öldinni sem leið voru málarar farnir að nota sögulega atburði sem afsökun til að mála hópsenur. Til dæmis var það sagt um hinn fræga, rómantíska atburðamálara, Eugene Delacroix, að hann hefði tilvitnanir í Shakespeare að yfirvarpi svo hann gæti málað fólk í dramatískum og spenntum stellingum. Þannig komst hreyfing í teikninguna og líf í litina. Ef til vill er Gísli nokkurs konar nútímalegur Delacroix, rómantískur í eðli sínu og



HALLDÓR B. RUNÓLFSSON

gefinn fyrir dramatískan innblástur.

Ég hef staldrað við sögulegar og bókmenntalegar atburðamyndir Gísla, þótt finna megi ýmislegt annað á þessari miklu sýningu. Þetta eru heilsteyptustu verk hans og jafnframt þær myndir þar sem pensill hans og teikning ná lengst. En um sýninguna í heild má það segja að hún er sú snarpasta sem Gísli hefur haldið til þessa. **HBR**

Teikn og voveiflegir spádómar

Sýning Bjarna Þórarinssonar í Nýlistasafninu

Bjarni Þórarinsson heldur um þessar mundir einkasýningu í Nýlistasafninu við Vatnsstíg. Hann sýnir þar 23 málverk unnin á síðastliðnum þremur árum. Margar þessara mynda hefur Bjarni sýnt áður, bæði á sýningu sinni í Gallerí Borg og einnig á gangi skrifstofuhúsnæðis nokkurs við Ármúlann, sem kallast Gallerí Einiberjarunn.

Einnig hefur Bjarni sýnt stærstu mynd sýningarinnar oftar en einu sinni, en það er verkið „Teikn“, frábær mynd sem dregur saman flest það sem einkennir stíl og inntak mynda hans. „Teikn“ gefur mönnum aðgang að hugarheimi Bjarna þar sem blandast goðsagnir og voveiflegir spádómar um aðsteðjandi ógn. Völvurnar eru þrjár og spár þeirra eru eldglæringar sem stíga til himsins. Við stöndum andspænis ragnarökkri, teygð milli kjarnorkurisanna eins og smælingjar í tröllahöndum.

Málverk Bjarna minna sum hver á miðaldalýsingar. Þau feta einhvern milliveg milli pennateikninga og málverks. Þar sem litanotkun hans er óvenjuleg; áferðar- og blæbrigðalaus, en spennt upp í eitraðar samsetningar, virkar hún gjarnan á áhorfandann sem blek. Þetta eru þess vegna miklu fremur stórar teikningar á striga en málverk. Formgerðin er grafísk en ekki malerísk. Þá er áberandi hvernig hann skiptir fletinum í litla reiti eða tígla og eykur það enn á skyldleikann við grafískar listir.

Það er kraftbirtingarhljómur í bestu verkum Bjarna, sem erfitt er að skilgreina, en minnir sumpart á spænska trúarlist, jafnvel myndir El Grecos, ellegar síðustu verk hins ítalska læriföður hans Tintorettos. Manni finnst stundum sem himnarnir gætu klofnað og teikn birst í lofti.

Þessi mystíski tónn er ríkjandi í persónulegustu myndum Bjarna og gera hann að einhvers konar nútímalegum trúarmálara. Að vísu kennir fleiri grasa í verkum hans, t.d. þegar hann tengir þessa sýn sína kjarnorkuvánni, s.s. í „Homo nucleus I og II“. Hins vegar hverfur þessi sérstæði tónn þegar Bjarni reynir að herma hann upp á hversdagsleg tilvistarvandamál. Þá er eins og hann afvegaleiði sinn innri mann og glutri niður kjarnanum í bestu verkunum.



Ein mynda Bjarna í Nýlistasafninu.

Ef til vill má segja að það sé nokkuð djarft af Bjarna að sýna svo margar myndir sem þegar hafa komið fyrir augu manna. En þegar öllu er á botninn hvolft, virðast þessar myndir þola mætavel endurteknar sýningar. Það virkar líkt og ítrekun, enda dylst engum að þegar andinn kemur yfir Bjarna þá er honum mikið niðri fyrir. Hann er líkur hrópandanum í eyðimörkinni sem ávarpar menn á kabbalískri tungu til að gefa orðunum þyngra vægi. Hann reynir að hræra hjörtu þeirra með endurtekningum svo þeir skilji að lokum hvert hann er að fara.

Bjarni hefur ekki enn misst vonina um að listin geti haft áhrif. Það er í sjálfu sér heilbrigt sjónarmið og e.t.v. eina von listarinnar. Vandinn er sá að hún virðist einungis hafa áhrif á þá sem eru móttækilegir fyrir áhrifum, en það eru yfirliett áhrifalausustu menn þessa heims. **HBR**

Kvikmyndir

Trú, von og kærleikur

Regnboginn frumsýnir nýja danska kvikmynd í dag

Regnboginn frumsýnir í dag klukkan 14 dönsku kvikmyndina Trú, von og ást, sem Bille August hefur leikstýrt. Hann leikstýrði einnig kvikmyndinni Zappa, sem sýnd var í Regnboganum árið 1984. Bille August verður viðstaddur frumsýninguna.

Kvikmyndin Trú, von og kærleikur hefur slegið öll met hvað aðsókn snertir í heimalandi sínu og hefur yfir 1 milljón Dana séð hana. Kvikmyndin er óbeint framhald af Zappa. Aðalpersónan er sú sama, Björn, en atburðirnir eru látnir gerast árið 1964, eða tveim árum eftir atburðina í Zappa.

Kvikmyndin Trú, von og kærleikur segir frá fjórum ungmennum, 16-17 ára, sem lenda öll í þeim hremmingum að þurfa að yfirgefa áhyggjulausa æskuna og takast á við vandamál lífsins sem fullorðið fólk.

Handritið skrifaði Bille August í samvinnu við Bjarne Reuter, en þeir tveir unnu einnig að kvikmyndinni Zappa. Þá hefur August gert sjónvarpsþætti eftir sögu Reuters af Veröld Busters, en íslenska sjónvarpið sýndi þá þætti fyrir nokkru, auk þess sem bækurnar um Buster hafa komið út í Íslenskri þýðingu Ólafs Hauks Símonarsonar.

Unglingana fjóra leika þau Adam Tönsberg, Ulrikke Juul Bondo, Camilla Södeberg og Lars Simonsen. **Sáf.**